

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Loftslagsrannsóknir (e. Climate Research Fund).

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Loftslagsrannsóknir (e. Climate Research Fund) og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Hvassaleiti 111, sveitarfélaginu Reykjavíkurborg.

3. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að stuðla að og styrkja samvinnu íslenskra vísindamanna við vísindamenn á alþjóðavettvangi. Fyrst um sinn einkum samvinnu íslenskra vísindamanna við vísindamenn á Indlandi og í Bandaríkjunum um rannsóknir í Himalaya fjallgarði. Þetta mun gert með styrkjum til rannsóknarleiðangra sem og styrkjum til nemenda sem mun gera þeim kleift að sækja þjálfun til Íslands og til Bandaríkjanna. Fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar mun ráðstafað af sjóðstjórn eftir því sem verkefnum vindur fram.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru Dagfinnur Sveinbjörnsson, kt. 220373-4449, prófessor Helgi Björnsson, kt. 061242-3849 og dr. Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 010460-7519.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykktá, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 6. janúar 2010.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.